



Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Dags.: 12. október 2022

one: 2210283

Minnisblað – mat á ástæðum til endurskoðunar aðalskipulags.

Með tilvísan í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um endurskoðun aðalskipulags er bent á að í upphafi kjörtímabils skal sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins.

Gildandi Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 var staðfest í lok síðasta árs þ.e. 28. desember 2021. Endurskoðun hófst árið 2018, lýsing skipulagsverkefnis var kynnt fyrri hluta árs 2019.

- Unnið var að stefnumótun með hliðsjón af stefnu Kópavogs og Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna árið 2019-2020, vinnustofur mikilvægisgreininga voru haustið 2019. Unnið var markvisst að samþættingu heimsmarkmiða og aðalskipulags Kópavogs og mælikvarðar fagkafla skilgreindir. Tillaga á vinnslustigi var kynnt sumarið 2020. Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi var auglýst á vormánuðum 2021. Endurskoðað aðalskipulag var samþykkt haustið 2021 og staðfest af Skipulagsstofnun í lok árs 2021.

Tekið var mið af mörgum áætlunum svo sem landsskipulagsstefnu og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Fjallað er um tengsl við aðrar áætlanir í greinargerð aðalskipulagsins og umhverfisskýrslu þess.

Það er mat skipulagsdeildar að gildandi aðalskipulag Kópavogs sé í meginráttum í takt við tímann og í samræmi við aðrar áætlanir. Lögð verði áhersla á að vinna með stefnu aðalskipulagsins nánar í rammaáætlunum, mælikvörðum og deiliskipulagsáætlunum.

Virðingarfyllt,

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi